

# UMHVERFIS- OG SKIPULAGNEFND SNÆFELLSBÆJAR

Illugi Jens Jónasson Auður  
Kjartansdóttir Halldór Kristinsson  
Drífa Skúladóttir Magnús  
Eiríksson Davíð Viðarsson Ásdís  
Lilja Pétursdóttir

## Umhverfis- og skipulagsnefnd - 121121. fundur umhverfis- og skipulagsnefndar haldinn í Ráðhúsi Snæfellsbæjar, 13. desember 2018 og hófst hann kl. 09:00.

### Fundinn sátu:

Illugi Jens Jónasson, Auður Kjartansdóttir, Halldór Kristinsson, Drífa Skúladóttir, Magnús Eiríksson, Davíð Viðarsson og Ásdís Lilja Pétursdóttir.

Fundargerð ritaði: Ásdís Lilja Pétursdóttir, Aðstoðarmaður byggingarfulltrúa.

### Dagskrá:

#### 2. Fellaslóð 3\_Út og vestur ehf. sækir um lóðarúthlutun - 1804002

Tekið fyrir að nýju. Umhverfis- og skipulagsnefnd frestaði erindinu á síðasta fundi sínum og er erindið því tekið fyrir að nýju.

*Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir lóðaúthlutun að Fellaslóð 3 miðað við fyrirhugaða breytingu á deiliskipulagi.*

#### 3. Fellaslóð 2 og 3\_Birkisól ehf. sækir um lóðaúthlutun - 1811010

Tekið fyrir að nýju. Birkisól ehf. sækir um lóðaúthlutun fyrir Fellaslóð 2 og 3. Hugsunin er að sameina lóðirnar og byggja eitt hús, færa veitingastaðinn Stapann þangað og bæta við 5 salernum. Einnig að setja góð bílastæði vestan megin við húið og síðar að tengja saman húsn þannig að þetta verði ein heild. Fellaslóð 1 yrði þá minjagripaverslun.

Umhverfis- og skipulagsnefnd tók jákvætt í erindið á síðasta fundi sínum en óskaði eftir frekari gögnum. Þau hafa nú borist og erindið því tekið fyrir að nýju.

*Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir lóðaúthlutun að Fellaslóð 2 miðað við fyrirhugaða breytingu á deiliskipulagi. Varðandi fyrirhugaða byggingu óskar nefndin eftir samvinnu við lóðarhafa m.t.t til stærðar og útlits.*

#### 4. Sölvaslóð 12\_Guðni Þ. Svavarsson og Margrét Elfa Ólafsdóttir sækja um lóðarúthlutun - 1812002

Guðni Þ. Svavarsson og Margrét Elfa Ólafsdóttir sækja um lóðarúthlutun að Sölvaslóð 12, Arnarstapa. Fyrirhugað er að byggja á lóðinni 50 fm. sumarhús með 16 fm. gestahúsi og 12 fm. tengibyggingu. Heildarflatarmál yrði þá um 78 fm.

*Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir lóðaúthlutun og bendir um leið lóðarhöfum á skipulagsskilmála svæðisins.*

#### 5. Arnarfell\_óskað er eftir að breytt deiliskipulag verði tekið til umfjöllunar - 1712005

777  
R  
H.K.  
M.S.  
A.U.

Tekið fyrir að nýju. Deiliskipulagið var lagfært í samræmi við athugasemdir sem bárust frá Skipulagsstofnun og samþykkt á fundi umhverfis- og skipulagsnefndar þann 1. nóvember 2018. Umsögn Heilbrigðiseftirlits Vesturlands misfórst í ferlinu, en nú hefur einnig verið tekið tillit til hennar. Nú er erindið því tekið fyrir aftur með leiðréttingum vegna athugasemda Heilbrigðiseftirlits Vesturland og óskað eftir að fá að auglýsa skipulagið í B-deild.

*Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir deiliskipulagið og að það verði auglýst í B-deild.*

## 6. **Hraunprýði Sigurður Jón Ragnarsson sækir um byggingarleyfi fyrir ýmsum breytingum skv. teikningu - 1812003**

Sigurður Jón Ragnarsson sækir um byggingarleyfi fyrir hækkun á þaki á bílskúr, fjarlægja stromp, setja upp varmadælu ofl. skv. meðfylgjandi teikningum.

*Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir erindið.*

## 1. **Arnarstapi\_Skipulagstillögur varðandi heildarskipulag og bílastæði - 1812001**

Byggingarfulltrúi Snæfellsbæjar leggur fyrir nefndina drög að skipulagstillögum á Arnarstapa varðandi heildarskipulag og bílastæði. Drögin voru kynnt nefndinni á síðasta fundi, undir önnur mál. Nefndin ræddi tillögurnar og umræður voru um hvort taka ætti út stöðuleyfislóðir fyrir söluvagna og leita eftir sambæilegri starfsemi í skráðu húsnæði. Nefndin óskaði eftir nýrri tillögu í samræmi við umræðurnar. Nýjar tillögur eru því teknar fyrir.

*Umhverfis- og skipulagsnefnd ræddi tillögurnar og ákvað að boða hagsmunaaðila á svæðinu á fund með nefndinni í janúar 2019, til að ræða hugmyndir að nýju deiliskipulagi svæðisins.*

## 7. **Önnur mál - umhverfis- og skipulagsnefnd 2018 - 1804013**

- Byggingarfulltrúi tilkynnir nefndinni varmadælu sem hefur verið sett upp í Líkn.

- Byggingarfulltrúi leggur fyrir nefndina drög að auglýsingu fyrir umferð í Snæfellsbæ.

- Byggingarfulltrúi lagði til samþykktar fyrir nefndina, gjaldskrá fyrir byggingarleyfis-, þjónustu- og framkvæmdaleyfisgjöld í Snæfellsbæ 2019, á síðasta fundi nefndarinnar. Hún var samþykkt, en bæjarstjórn samþykkti hana með einni breytingu (3. gr.). Byggingarfulltrúi kynnir nú breytinguna fyrir umhverfis- og skipulagsnefnd.

- Byggingarfulltrúi leggur fyrir nefndina drög að fundardögum umhverfis- og skipulagsnefndar fyrir árið 2019.

- *Umhverfis- og skipulagsnefnd var kynnt uppsetning á varmadælu í Líkn, sem sett var upp áður en samþykkt um varmadælur í Snæfellsbæ var gerð.*

- *Umhverfis- og skipulagsnefnd ræddi drög að auglýsingu fyrir umferð í Snæfellsbæ og leggur til að vinna við drögin verði kláruð sem fyrst.*

*Umhverfis- og skipulagsnefnd var kynnt breyting á gjaldskránni.*

- *Umhverfis- og skipulagsnefnd var kynnt drög að fundardögum nefndarinnar 2019.*

*F.T.*  
*B.*  
*M.K.*  
*M.L.*  
*A.U.*

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 10:40.

Floegi Þor Þorsteinsson  
Sif  
Halldór Klíma  
Magni Erlendsson  
Andri Kjartansdóttir